

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 30/2011 um endurmenntun endurskoðenda.

1. gr.

Kröfur um viðvarandi menntun.

Eftirfarandi breyting verður á 4. gr. reglugerðarinnar:

d-liður orðast svo: 10 klukkustunda á sviði siðareglna og faglegra gilda. Sem dæmi um viðfangs-
efni eru siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og fyrirmæli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti
og fjármögnun hryðjuverka.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 5. mgr. 7. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur
öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 1. júlí 2019.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingi Már Pálsson.

Harpa Theodórsdóttir.